

Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar 28. janúar 2022 kl. 16:15.

Mætt: Árný Birna Vatnsdal, Ester Rósa Halldórsdóttir, Hólmur Bjarki W. Bárðarson og Stefán Hrafnsson sem ritaði fundargerð.

Fyrsta mál: Bréf frá smábátasjómönum á Vopnafirði

Bréfið lesið upp. Sjómenn leggja til að sérregla gildi fyrir Vopnafjarðarhrepp við úthlutun byggðakvóta fiskveiðirárið 2021/2022. Um er að ræða reglugerð nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa.

Talað um að fá reglugerð breytt eins og sjómenn fara fram á. Fundurinn samþykkir að setja sig ekki upp á móti þessari hugmynd, fordæmi fyrir þessu annarsstaðar.

Annað mál: Úthlutun byggðakvóta

Formaður leggur til að farið sé eftir veiðireynslu eins og gert hefur verið. Nefndin sammála að fara þessa leið, samþykkt samhljóða.

Önnur mál:

Rætt um ferðamál og mögulega ráðningu á ferðamálafulltrúa. Rætt um að reyna að koma umræðunni af stað og ráða ferðamálafulltrúa á staðinn.

Rætt um að halda áfram með vinnu nefndarinnar með Framfara- og ferðamálafélaginu, sem fór af stað eftir opinn fund fyrir ári síðan. Sent er með þessari fundargerð bréf sem samið var til sveitarstjórnar á opnum fundi af nefndinni og Framfara- og ferðamálafélaginu.

Fundi slitið.

Kæra hreppsráð, sveitarstjórn og sveitarstjóri.

Á opnum fundi Framfara- og ferðamálafélags Vopnafjarðar síðastliðinn 11. febrúar skapaðist umræða um að ráða ferðamálafulltrúa til Vopnafjarðarhrepps og það var mikill áhugi fyrir því hjá ferðapjónustuaðilum. Við getum öll verið sammála um að Vopnafjörður hefur upp á mörg og fjölbreytt tækifæri að bjóða og því teljum við það afar mikilvægt fyrir jákvæða þróun atvinnu- og ferðamála hér á staðnum að ráða manneskju í þessa stöðu.

Undanfarin ár hefur verið svolítill upplausn í ferðamálum á Vopnafirði og vantað hefur herslumuninn og teljum við að það væri hægt að leiðrétta það með því að ráða ferðamálafulltrúa sem myndi hafa yfirsýn yfir því sviði og gæti myndað hnitmiðaða framtíðarstefnu í atvinnu- og ferðamálum.

Kostir þess að ráða ferða- og atvinnumálafulltrúa eru margir, t.d.:

- Aukin uppbygging og þróun á ferðamannastöðum í nærumhverfi Vopnafjarðar
- Aukin kynning og markaðssetning á svæðinu, t.d. í gegnum samfélagsmiðla
- Aðili sem ferðapjónustuaðilar á svæðinu gætu leitað til
- Aðili sem íbúar gætu leitað til með nýjar hugmyndir í sambandi við ferðamál og atvinnutækifæri, og fengið leiðsögn og aðstoð
- Aðili sem gæti unnið sem tengiliður á milli sveitarstjórnar og Framfara- og ferðamálafélags Vopnafjarðar
- Aðili sem myndi hafa heildaryfirsýn yfir ferðamál á svæðinu og sjá um skipulagningu þeirra

Við í Framfara- og ferðamálafélagi Vopnafjarðar og Atvinnu- og ferðamálanefnd skorum því hér með á sveitarstjórn til þess að fylgja þessum áhuga eftir og ráða ferðamálafulltrúa í fullt starf.

Með bestu kveðju,
Framfara- og ferðamálafélag Vopnafjarðar
Atvinnu- og ferðamálanefnd